

**Nd.**

**400. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi síðustu málsgr. 4. gr. »Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum« komi;

Tekjum bjargráðasjóðs, sem ekki er varið til útlána, skal koma á vöxtu í Landsbankanum.

2. gr.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Meðan sýslunefndir og bæjarstjórnir hafa ekki gert samþykktir þær, sem um ræðir í 11. gr., heimilast bjargráðasjóðsstjórninni að veita lán af árlegum tekjum sjóðsins, að vöxtum undanskildum, fódurbirgðafjelögum, forðabúrum, svo og öðrum löggiltum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.

Um lánveitingar þessar ganga þau sveitarfjelög fyrir, sem hættast er við samgönguteppu að vetrinum vegna ísa eða snjóþyngsla.

3. gr.

A eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi:

Landsstjórnin semur reglugerð um lánveitingar úr sjóðnum eftir tillögum bjargráðastjórnar.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 45, 10. nóv. 1913, og gefa þau út svo breytt.